

13. Stjórnarfundur FENÚR,

haldinn 12. janúar 2000 kl. 15:30 á skrifstofu SORPU, Gufunesi.

Mættir: Pétur Bjarnason, Gunnar Bragason, Ingi Arason, Ragna Halldórsdóttir, Ásmundur Reykdal og Gyða Björnsdóttir.

Fundargerð.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt, en bent á misritun nafns Guðmundar Tryggva Ólafssonar, Sorpsamlagi Suðurlands, sem verður leiðrétt.

Heimasíða.

Gyða, leggur fram upplýsingar um aðgang félagsmanna að heimasíðu FENÚR, sem nú er komin á netið, eftir ófyrirséðar tafir af tæknilegum orsökum. Hún lagði fram greinargerð um kostnað við heimasíðugerðina sem orðin er kr. 183.000 og var samþykkt að greiða þann reikning.

Sent verður út bréf til meðlima FENÚR um heimasíðuna.

Gyða lætur nú af störfum hjá SORPU og mun Sif Svavarsdóttir taka við hennar störfum og þar á meðal umsjón með heimasíðu FENÚR. G.B. þakkaði Gyðu vel unnin störf fyrir FENÚR og óskaði henni velfarnaðar í nýju starfi.

Skipun í nefnd umhverfisráðuneytis.

G.B. lagði fram bréf frá Umhverfisráðuneytinu, þar sem FENÚR er beðið að skipa fulltrúa í nefnd á vegum ráðuneytisins um flokkun og endurnýtingu úrgangs. Hann lagði til að Ragna Halldórsdóttir, SORPU, yrði fulltrúi FENÚR í nefndinni og var tillagan samþykkt. G.B., sendir staðfestingu þar að lútandi til ráðuneytisins.

Fundur starfshópa.

I.A. greindi frá að fyrirhugað væri að hópur um lífrænan úrgang fundaði í Borgarnesi á næstunni. G.B. varpaði fram hugmynd um hvort sameina ætti hópa, t.d. spilliefnahóp og úrgangsminnkunarhóp þar sem sömu menn væru í báðum hópunum og reyna að fá einstaklinga sem hafa tíma og áhuga til að hleypa lífi í starfið. Á.R. kvaðst styðja þessar hugmyndir og sjá fram á lítinn tíma til að sinna hópstjórarstarfinu á næstunni, sökum anna. Ákvörðun frestað.

Dagskrá aðalfundar FENÚR

Ragna er búin að fá sal í Rúgbrauðsgerðinni fyrir aðalfundinn og ráðstefnu í framhaldi af honum. Hringt var í Magnús Stephensen, formann. Hann tekur að sér að ræða við Umhverfisráðherra og aðstoðarmann ráðherra um þáttöku í aðalfundinum og veitingar að ráðstefnu lokinni. P.B. ræðir við Gunnar Larsen hjá Ú.A. um erindisflutning um fiskúrgang og meðferð hans. Á næsta stjórnarfundum verður gengið frá endanlegri dagskrá aðalfundar og ráðstefnunnar.

Önnur mál.

R.H. fór yfir stöðu greiðslu félagsgjalda. Tekinn hefur verið saman listi yfir vangoldin félagsgjöld. Skrifstofa SORPU (Halla Eiríksdóttir) sér um innheimtu þeirra.

Ákveðið að fela Jóhannesi að ræða við ÍSAL um veru í FENÚR.
Gíróseðlar vegna félagsgjalda fyrir 2000 verða sendir út með kynningarblaði um heimasíðu og aðalfund FENÚR.

Ath. breyttur tími.

Næsti fundur miðvikudaginn 8. Febrúar 2000 kl. 15:30 á skrifstofu SORPU.

Fundi slitið kl. 16:20

Á.R.